



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

48. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í 29. kennslustofu miðvikudaginn 30. apríl 1980. Fundinn sóttu skólanefndarmennirnir Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnþórsson, Sævar Guðbergsson og Guðlaugur Guðmundsson, varamaður Hreins Ásgrímssonar, Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, og Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda. Tveir þeir síðastnefndu viku af fundi meðan fjallað var um kennararáðningar.

Þetta gerðist:

I. Fjallað var um tilhögun skólaslita 24. maí næstkomandi. Fyrirhugað er að þau verði í Stapa í Njarðvík, formaður SSS flytji ávarp, nemendur skólans annist tónlistarflutning, en skólameistari velji fundarstjóraúr hópi kennara og skipuleggi athöfnina.

II. Húsnæðismál verknámsbrauta voru næst til umræðu. Formaður skólanefndar og skólameistari sögðu frá framvindu þeirra mála frá því síðasti fundur nefndarinnar var haldinn. Skólanefndin sendi Einari Gunnarssyni 105 milljón króna kauptilboð í verkstæðishús hans að Iðavöllum 1. Einar hafnaði því en sendi gagntilboð, bauð húsið fyrir 140 milljónir sem greiddar yrðu ásamt verðbótum á nokkrum árum. Þótti það tilboð of hátt. Ingvar Jóhannsson bauðst þá til þess í umboði JPK að kaupa af Rafmagnsverktökum Keflavíkur rösklega 1200 fermetra grunn og fokhelt 200 fermetra hús að Iðavöllum 3, reisa þar stálgrindahús í sumar og endurselja skólanum fyrir upphaf haustannar 1980. Ingvar hefur ásamt nokkrum verknámskennurum og fleiri aðilum gert úr garði umfangsmikla framkvæmda- og kostnaðaráætlun og lagt fyrir byggingarnefndina og fulltrúa menntamálaráðuneytisins. Föstudaginn 18. apríl komu til Keflavíkur Indriði H Þorláksson, deildarstjóri byggingadeildar menntamálaráðuneytis, Hákon Torfason, fulltrúi í verk- og tæknimenntunardeild menntamálaráðuneytis og Héðinn Eyjólfsson, fulltrúi í hagsýsludeild fjármálaráðuneytis. Þeir skoðuðu verkstæðishús Einars Gunnarssonar og grunninn að Iðavöllum 3, sátu síðan fund með fulltrúum skólanefndar: Gunnari Sveinssyni, Ingvari Jóhannssyni, Jóni Hólmgeirssyni, skólameistara og aðstoðarskólameistara. Ákveðið var að afla frekari gagna um þessa kosti báða. Auk þess var upplýst að verknámshús Héðins Skarphéðinssonar í Njarðvík fengist sennilega keypt.

Samkomulag varð um að halda annan fund í menntamálaráðuneytinu og , og fór hann fram þriðjudaginn 29. apríl. Þar voru áður taldir þrír skólanefndarmenn og skólameistari af hálfu FS, en Indriði Þorláksson fyrir ráðuneytið. Hann taldi kaup og byggingu stálgrindahúss að Iðavöllum 3 álitlega lausn, en naumast samræmanlega þeirri heimild sem fengist hefur til kaupa á verk-námshúsi. Hann mælti með því að Björn Sigurðsson frá Innkaupastofnun ríkisins yrði fenginn til þess að skoða hús Einars og gera síðan tilboð í það fyrir hönd ráðuneytisins og skólanefndar. Formaður skólanefndar lagði fram nýtt tilboð frá Einari Gunnarssyni. Söluverð er samkvæmt því jafnt brunabótamati, röskegla 131 milljón króna. Húsið verði afhent 15. september næstkomandi. Andvirði þess verði greitt með jöfnum grunngreiðslum á 6 mánaði fresti næstu þrjú ár, 1981-1983. Verðbótavísitala falli á þær allar. Skólameistari kvað sig samþykkan kaupum á húsinu að því tilskildu að afhendingartími yrði 1. ágúst, fjármagn fengist til nauðsynlegra breytinga á því og viðurkenning menntamálaráðuneytisins fengist á því að umrædd húsakaup leystu aðeins að hluta húsnæðisþörf verknámsbrauta við skólann. Indriði kvað augljóst að kaup á húsi Einars væri áfangalausn sem ekki ætti að hindra frekari byggingar-framkvæmdir á næstu árum. Skólanefndarmenn lýstu stuðningi við fyrirvara skólameistara og samþykktu jafnframt tillögu Indriða. Indriði kvaðst mundu beita sér fyrir því að Björn Sigurðsson skoðaði hús Einars Gunnarssonar eigi síðar en 2. maí.

Talsverðar umræður urðu um skýrslu formanns og skólameistara . Eggert Ólafsson upplýsti að Hafnahreppur hefði til umræða . Nefndin taldi það ekki koma til álita sem verknámshúsnæði sökum fjarlægðar. Fram kom að nefndarmenn allir voru samþykkir afstöðu og ákvörðunum bygginganefndar og skólameistara og var bygginganefndinni falið að halda áfram að leita samninga við Einar Gunnarsson um kaup á áður nefndu húsi. Formaður skólanefndar lagði áherslu á að allar sveitarstjórnir á Suðurnesjum fái næstu daga glöggar upplýsingar um gang þessara mála.

III. Önnur mál

1. Upplýst var að Andrés Eyjólfsson í Sandgerði er reiðubúinn til þess að framkvæma nauðsynlegar sprunguviðgerðir á skólahúsinu í maímánuði.
2. Gunnar Sveinsson upplýsti að skrifstofustjóri skólans vinnur nú að uppgjöri á ársreikningum fyrir 1979. Haldinn verður sérstakur fundur þegar þeir liggja frammi. Kvað hann nauðsynlegt að tilkynna sveitar-stjórnstjórnunum að nauðsynlegt kynni að reynast að breyta stofnkostnaðar-áætlun. (Samanber bréf, undirritað af aðstoðarskólameistara og skrifstofustjóra, sem sent var með 47. fundargerð).

3. Skólameistari skýrði frá að tveir nemendur á heilsugæslubraut, Margrét Jónsdóttir, Vogum, og Sigríður Jóna Jónsdóttir, Grindavík, hafi farið þess á leit að skólinn tryggði þeim verkþjálfunaraðstöðu á Sjúkrahúsi Keflavíkur-læknishéraðs. Minnti skólameistari á fyrri óskir skólanefndar þess efnis að nemendur af skólasvæðinu hafi forgangsrétt til verkþjálfunar við sjúkrahúsið. Taldi hann tímabært að endurnýja kröfur í þessa veru. Skólanefndin samþykkti að óska eftir því vað SSS taki málið í sínar hendur og tryggi nemendum FS forgangsrétt að verklegu námi á sjúkrahúsinu.
4. Skólameistari tilkynnti að innrétting í "Reykjanesi" hafi verið sett upp helgina 12.-13. apríl, en Hörður Björnsson, byggingartæknifræðingur, telji að útboðslýsingu hafi ekki verið fylgt að öllu leyti, en úttekt á verkinu hafi ekki farið fram. Talið er að svampþúðar séu hvorki nægilega þéttir né gerðir samkvæmt teikningu.
5. Ragnar Ragnarsson, fulltrúi nemenda, fór þess á leit að nemendur haldi aðstöðu til framköllunar á ljósmyndum. Taldi hann unnt að nýta mætti í því skyni stað á fyrstu hæð þar sem kennarasalerni var til skamms tíma, en ekki muni lengur þörf á eftir að kennarastofa var flutt í "Himnaríki", en svo nefna margir nemendur kennarastofuna á rishæðinni. Skólameistari þakkaði ábendinguna, taldi hana athyglisverða, en kvað málið verða rétt síðar.
6. Skólameistari upplýsti að allir settir kennarar við skólann hafi óskað eftir endurráðningu nema Ingibjörg Johannesen, en hún hafi ekki gert upp hug sinn í því efni. Ekki verður unnt að endursetja Óskar Jónsson sökum þess að hann verður sjötugur 3. september næstkomandi. Jóhann Geirdal, stundakennari, hyggst ljúka háskólanámi næsta vetur og mun af þeim sökum ekki kenna hér næstu önn a.m.k. Borist hafa umsóknir um kennarastöður og fyrirspurnir nokkrar þótt engar stöður hafi verið auglýstar. Samþykkt var að auglýsa ekki að sinni.
7. Ingvar Jóhannsson vakti athygli á frétt sem birtist í Þjóðviljanum fyrir skömmu um niðurstöðu könnunar á fíkniefnaneyslu nemenda FS. Aðstoðar-skólameistari upplýsti að tveir nemendur í félagsfræði hafi fengið heimild til þess að gera þessa könnun undir umsjá kennara síns. Skólameistari kvað niðurstöður hafa birst í nemendablaðinu Viskustykki. Samþykkt var svohljóðandi ályktun:
Skólanefndin harnar að könnun sem fram fór á vegum nemenda hefur verið gerð að umræðuefni í fjölmiðli, sbr. grein í Þjóðviljanum fyrir skömmu. Nefndin felur skólameistara að kanna mál þetta betur.

8. Formaður skýrði frá að skólameistari, Jón Böðvarsson, yrði fimmtugur þann 2. maí næstkomandi. Samþykkt var að færa honum gjöf frá skólanum af því tilefni. Vék skólameistari af fundi meðan þessi dagskrárliður stóð yfir.

Fleira var ekki til umræðu og fundi því slitið, - en að honum loknum skoðuðu skólanefndarmenn nemendaaðstöðuna í Reykjanesi.

Fundargerð þessa sömdu Jón Böðvarsson og Jón Hólmgeirsson